

Kári er vinur Rósu
Hann á heima í næsta húsi.
Í dag á Kári afmæli.
Má ég fara til Kára núna? segir Rósa
við mömmu sína.
Þú ferð til Kára á eftir, Rósa mín
og færir honum pakka.
Rósa fer í fínu fötin sín og lagar hárið.
Nú koma Vala og Ómar, vinir Rósu.
Þau verða samferða í afmælið til Kára.
Rósa gefur Kára bíl.
Það er löggju-bíll með sírenu.

Nú verður mikill hávaði heima hjá Kára.
Kolur hundurinn hans Kára felur sig undir borði.
En þá varð rosa mikið óhapp.
Borðið fór um koll og afmælis-kakan,
og allt nammið fer niður á gólf.
Ó nei, kallar mamma hans Kára
og fórnar höndum.
Í sama mund kemur afi í dyrnar.
Förum í keilu og höldum afmælið þar, segir hann.
Ég býð öllum kók og pylsur.
Eftir veisluna fara allir upp í hesthús með afa.

Afi á marga hesta. Kári fær að fara á bak Mósa.
Það er galsi í Mósa og Kári fer varlega og heldur fast
í beislið svo hann detti ekki af baki.
Rósa og Vala tvímenna á Þoku.

Þoka á lítið folald sem eltir mömmu sína.
Þau fara öll með afa í stuttan reiðtúr upp í Heiðmörk.
Á leiðinni vill folaldið fá sér mjólk að drekka. Þoka verður önuð
og stekkur til hliðar. Við það dettur Rósa af baki en Vala rétt nær
að halda sér í faxið. Sem betur fer lendir Rósa í mjúkan mosann
og meiðir sig ekkert. En lóan sem á hreiður þarna rétt hjá virðist
mjög óróleg og flýgur fram og til baka. Hún er greinilega ósátt við
svona innrás í ríki sitt.